

**Ed.**

## **62. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

5. gr. laga nr. 99 3. maí 1935 orðist þannig:

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta ekki stærri en 60 smá-  
lesta, og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir  
skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Ennfremur má veita eigendum  
línuveiðagufuskipa lán í sama skyni, þó svo, að hin samanlagða lánsupphæð til  
eigenda línuveiðagufuskipa fari ekki fram úr 250000 krónum. Lánin skulu veitt með  
þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

2. gr.

Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið 1. maí 1937, og skal ríkisstjórninni heimilt  
að fela stjórn skuldaskilasjóðs, er skipuð var samkvæmt 10. gr. laga nr. 99 3. maí  
1935, að halda áfram störfum til þess tíma, þó svo, að hér eftir séu þær einar lán-  
beiðnir afgreiddar, er sjóðnum höfðu borizt fyrir 1. janúar 1937. Um lánveitingar  
þær, er hér ræðir um, fer að öðru leyti eftir lögum nr. 99 3. maí 1935.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.